



LÆKJARGATA 2 - DVERGUR

B17100

HUGMYNDIN

Hugmyndin að skipulagstillögu fyrir Lækjargötu 2, byggir á því að skapa þetta lága byggð í anda og mælikvarða gömlu byggðarinnar í næsta nágrenni. Tveggja og hálfra hæðar húsum er raðað saman í keðju sem myndar uppbrotna og breytilega ásýnd byggðarinnar þar sem keðjan hlykkjast um innri sameiginlegan garð.

BYGGINGARNAR

Að meginstofni byggir tillagan á 16 húsum, 8 x 8m, sem samofin eru með millibyggingum, svölum og ólíkum en nettum útbyggingum. Í hverju húsi er reiknað með að ein íbúð sé á jarðhæð og önnur stærri á annarri hæð og í risi. Mismunandi lega húsanna, mismunandi viðbyggingar og breytilegur halli á þaki gerir íbúðirnar ólíkar. Miðað er við að verslanir gætu verið á hornum Lækjargötu og Suðurgötu annars vegar og Brekkugötu hinsvegar. Íbúðir eru meðfram Lækjargötu og þar eru húsin dregin lítillega frá gangstéttinni og komið fyrir gróðurbeðum meðfram húsunum. Eitt stakstætt hús verður á lóðinni en það er endurbyggt Reykdalshús.

BÍLASTÆÐI

Öll bílastæði nema 2 eru í bílahúsi í kjallara á lóðinni. Í kjallaranum eru 32 bílastæði en ekið er í hann um skábraut í gegnum port jarðhæðar þess húss sem stendur næst Gúttó. Hægt er að komast upp á lóðina um tröppur í hvorum enda bílahúss. Eitt bílastæði á lóð fylgir Reykdalshúsi. Eitt bílastæði er fyrir fatlaða aftan við Gúttó, sem gæti nýst íbúum jarðhæðar þeirra húsa sem þar standa. Sökum mikils halla lóðarinnar er erfitt að gera hjólastólaaðgengi inni á lóðinni en hinsvegar má leggja bílum meðfram Suðurgötu og Brekkugötu og flestar jarðhæðir eru aðgengilegar hjólastólum frá gangstétt meðfram reitnum. Ef Hafnarfjarðarbær ákveður að fylgja nýlegri stefnumótun svæðisskipulags um 0,7 bílastæði á hverja 100m² hús-næðis í 600m radíus frá kjarnasvæði borgarlínu má auðveldlega minnka bílahús án þess að það hafi áhrif á tillöguna að öðru leiti.

BYGGINGARMAGN


Í tillögunni eru íbúðar- og verlsunarfermetrar um 2950m² sem er nýtingarhlutfall 1,3. Gengið út frá því að bílakjallari fái umfram það nýtingarhlutfall sem er til viðmiðunar í útboðsgögnum. Fleiri bílastæði á lóð myndu klárlega rýra gæði klasans.

EFNISVAL


Byggingarnar verða annað hvort steinsteyptar eða timburhús. Aðferðir verða skoðaðar nánar með áherslur á umhverfissvænar lausnir og ekki síst með að stytta byggingartíma sem mest til að minnka ónæði gagnvart nágrönnum og umhverfinu. Við sjáum fyrir okkur að klæðningar geti bæði verið timburklæðningar og málmklæðningar með einhverri óreglu en myndi samt samofna heild.




Afstöðumynd




Bílakjallari



Grunnmynd, 1. hæð 1:200



Grunnmynd, 2. hæð 1:200



Grunnmynd, ris 1:200



Sneiðing AA



Sneiðing BB









Reykdalshús

Í tillögunni veljum við að endurbyggja Reykdalshús sem var nr. 6 við Brekkugötu. Ytra útlit hússins, sem er minning um eina af timbúrhúsaperlunum í byggingarsögu bæjarins, verður endurgert eftir bestu upplýsingum sem fá má eftir ljósmyndum af húsinu. Innréttuð verður ein íbúð í húsinu, kjallari hæð og ris, sem uppfyllir byggingarreglugerð okkar tíma. Eitt bílastæði á lóð fylgir húsinu.

